

Nd.

199. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi við verksmiðjur, byggingar, istöku og útgerð og ennfremur við fermingu skipa og báta, sildarvinnu allskonar, vegagerð og bifreiðaakstur, skal greitt út verkkaupið vikulega.

Ákvæði þetta nær ekki til venjulegrar sveitavinnu, þar sem verkafólkið fær húsnæði og fæði sem hluta verkkaupsins.

2. gr.

Farmenn og fiskimenn, hvort heldur þeir eru ráðnir fyrir mánaðar kaup og aukapóknun eða hlut úr afla, geta krafist vikulegrar greiðslu launa sinna eða verðmæti aflahlutar, eða umboðsmenn þeirra, sju þeir fjarstaddir.

3. gr.

Nú vinnur verkafólk, farmenn og fiskimenn slík verk, sem um getur í 1. gr. fyrstu málsgrein og 2. gr., í ákvæðisvinnu, og skal þá verkkaupið greitt út vikulega, ef verkinu, sem kauptaxtinn eða umsamin upphæð miðast við, er lokið á þeim tíma, en ella þegar verkinu er lokið.

4. gr.

Heimilt er verkafólki, farmönnum og fiskimönnum að krefjast þess, að mál út af greiðslu verkkaups samkvæmt lögum þessum sæti meðferð einkalögreglumála. Má þá reka mál í þeirri þinghá, þar sem verkið hefir verið unnið, og skoðast atvinnurekandi eða umboðsmaður hans þar sem aðili, þótt þeir eigi heimilisvarnarþing annarsstaðar.

Rjettargjöld skulu eigi greidd í málum þessum.

Allir samningar, er fara í bága við lög þessi, skulu ógildir.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55, 31. maí 1927, um viðauka við lög nr. 4, 14. febrúar 1902, um greiðslu verkkaups.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Með lögum um viðauka við lög um greiðslu verkkaups, er samþykkt voru á Alþingi í fyrra, var að nokkru leyti bætt úr þeim vandkvæðum, er verkafólk alment hefir búið undir með reglubundna greiðslu á kaup sínu, en sá galli fylgdi þeim lögum meðal annars, að samningur á milli aðilja gerði lögin að engu. Dæmi eru til, að sú heimild hafi verið notuð af atvinnurekendum. Í þessu frv. er slíkri heimild með öllu slept. Í sömu lögum er ekki gert ráð fyrir, að vegagerðarmenn, bifreiðastjórar eða fólk, sem vinnur við sildarvinnu á ýmsan hátt, sje þar tekið með. Að minsta kosti er vafamál, hvort lögin taka til sildarvinnufólks alment eða ekki. Úr því er bætt með þessu frumvarpi.

Um vegagerðarmenn og bifreiðarstjóra má segja, að það eru menn, sem taka laun sín hjá öðrum og fylsta ástæða til að láta þá njóta sama rjettar og aðra verkamenn. Farmenn og fiskimenn voru ekki teknir með samkvæmt umræddum lögum. Með þessu frv. er þeim gefin heimild til að krefjast launa sinna vikulega. Eins og nú hagar til um lífnaðarhætti fólks í Reykjavík og stærri kaupþúnum, er sú regla að færast í vöxt, að fólk gerir matarinnkaup sín til einnar viku í senn. Það yrði því miklu þægilegra fyrir sjómannaheimili að geta fengið kaup sitt vikulega, enda er gert ráð fyrir því, að sjómenn geti falið öðrum að taka út kaup sitt í fjarveru sinni. Um þá menn, sem fá kaup sitt í aflahlut, hlýtur að gilda hið sama. Gera má lauslega áætlun um, hversu hlutur fiskimannsins sje orðinn mikill í það og það skiftið. Væri þessi regla alment komin á, myndi sjaldnar koma fyrir, að menn ættu mestalt kaup sitt ógreitt að veiðitíma loknum og stundum ekkert fyrir því annað en skipið sjálft, svo sækja verður kaupgreiðsluna með dýrum málaferlum, er oftast rýrir að stórum mun lítið kaup manna.

Með 3. gr. nógildandi laga er þeim, sem lögin ná til, veitt mikil rjettarbót, með því að þurfa ekki að greiða rjettargjöld út af þessum málum. Með þessu frv. nær þetta ákvæði einnig til sjómanna, þar sem þeim með því er gefin heimild til að hefja mál, án þess af veikum mætti að verða að leggja fram allmikið fje til málsrekstrarins, sem fjölda manna er ókleift, ef um smákröfur er að ræða, sem ekki borga málskostnaðinn, þó málið vinnist. Mörg dæmi eru fyrir því, að menn hafa látið falla niður kröfur af þessum sökum. Úr þessu á frumvarpið að bæta að nokkru. Að öðru leyti má vísa til greinargerðar fyrir frumvarpinu frá í fyrra, þskj. 194 1927.